



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 604

Sigríður Haraldsdóttir
(1952-)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 604

Sigríður Haraldsdóttir

Formáli

Sigríður Haraldsdóttir er fædd 19. nóvember 1952 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru þau Guðrún Jóna Bjarnadóttir og Haraldur Guðmundsson. Sigríður er ljósmóðir og starfar sem IBCLC brjóstgjafaráðgjafi.

Guðrún Jóna Bjarnadóttir var fædd 14. maí 1915 í Bakkagerði í Borgarfirði eystra. Foreldrar hennar voru þau Ágústa Högnadóttir húsfreyja og Bjarni Sveinsson bóndi í Bakkagerði. Guðrún ólst upp hjá foreldrum sínum og fór í héraðsskólann á Eiðum. Hún fór í hjúkrunarfræði, en tafðist nokkuð í náminu vegna veikinda. Guðrún komst aftur til heilsu, hélt áfram náminu og lauk prófi frá Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands vorið 1941. Að loknu hjúkrunarnámi hér heima starfaði Guðrún á Sjúkrahúsi Hvítabandsins, fór til Svíþjóðar til framhaldsnáms 1945 og dvaldi í Lundi og Stokkhólmi. Eftir heimkomuna starfaði hún hjá Hjúkrunarfélaginu Líkn, en síðar hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og á vegum Rauða krossins.

Haraldur Guðmundsson var fæddur 22 febrúar 1913 í Litlu- Sandvík í Flóa, var uppalinn þar og yngstur fimm systkina. Foreldrar hans voru þau Sigríður Lýðsdóttir húsfreyja og Guðmundur Þorvarðssonar bóndi í Litlu- Sandvík. Haraldur var þjóðhagi að upplagi, ungur sótti hann námskeið á Eyrarbakka í útskurði hjá Stefáni hinum oddhaga og náði góðum tókum á þeirri listið. Síðar var Haraldur einn vetur við nám í Laugarvatnsskóla, en réðist til Ríkisútvarpsins haustið 1932 og vann þar til dauðadags, fyrst við nám í útvarpstækni, síðar sem starfsmaður tæknideildar og síðari árin sem forstöðumaður þeirrar deildar.

Guðrún Jóna Bjarnadóttir og Haraldur Guðmundsson giftu sig 5. apríl 1952 og eignuðust eina dóttur, Sigríði.

Guðrúnu Jónu Bjarnadóttur andaðist 27. ágúst 1965 og Haraldur Guðmundsson 18. apríl 1966. (Heimild: *Morgunblaðið* 2. september 1965 og *Tíminn* 26. apríl 1966).

Afhending: Sigríður Haraldsdóttir færði Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn sitt og foreldra sinna, 23. ágúst 2016.

Innihald: Skjöl Guðrúnar, Haraldar og Sigríðar frá fjárhaldsmanni Sigríðar, Þorvarði Þorvarðarsyni (1901-1984) vegna máls hennar. Bréf, vottorð, samningar, bókhald o.fl.
Tími: 1948-1973.

Magn: 1 askja.

Útprentaðar minningargreinar um Guðrúnu Jónu Bjarnadóttur og Harald Guðmundsson eru fremst í öskju nr. 1.

Örk 2 er lokuð.

Sjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1948-1973.

Örk 1

Bréf frá Lýð Guðmundssyni (bróður Haraldar) og Sigríði Haraldsdóttur um að Þorvarður Þorvarðarson (1901-1984) verði skipaður fjárhaldsmaður Sigríðar, 29. apríl 1966, afrit.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík. Þorvarður Þorvarðarson skipaður lögráðamaður Sigríðar Haraldsdóttur, 4. maí 1966.
Reikningur fyrir fermingarmyndatöku Sigríðar Haraldsdóttur, 25. apríl 1966.
Bréf til Borgarfógetaembættis Reykjavíkur. Þorvarður Þorvarðarson tekur að sér að vera lögráðamaður Sigríðar Haraldsdóttur og biður um leyfi til að selja eignir úr dánarbúinu, 12. maí 1966, afrit.
Handritað kauptilboð í bifreiðina R-8495, 13. júní 1966.
Afsal vegna bifreiðarinnar R-8495, 13. júní 1966.
Borgarfógetaembættið heimilar Þorvarði Þorvarðssyni að selja bifreiðina R-8495, 14. júní 1966.
Tilboð í bifreiðina R-8495, 14. júní 1966, óundirskrifað afrit.
Skipta- yfirlýsing í dánarbú Guðrúnar Bjarnadóttur og Haraldar Guðmundssonar, 10. maí 1967.
Almennar tryggingar. Brunatrygging í dánarbúi Haraldar Guðmundssonar, 3. janúar 1968.
Bréf til borgarstjórans í Reykjavík frá Þorvarði Þorvarðarsyni umboðsmanni Sigríðar Haraldsdóttur, um umboð til að framselja leiguréttindin á sumarbústaðalandi, 23. apríl og 27. apríl 1968, afrit.
Kauptilboð Matthíasar Þ. Guðmundssonar í sumarbústað í landi Reykjavíkur undir Hamrahlið, 25. apríl 1968.
Kaupsamningur milli Þorvarðar Þorvarðarsonar umboðsmanns Sigríðar Haraldsdóttur og Antons Bjarnasonar um kaup á 12 feta alumíníumbát og B.M.B utanborðsmótor, 31. maí 1968.
Húsaleigusamningur milli Þorvarðar Þorvarðarsonar umboðsmanns Sigríðar Haraldsdóttur og Gissurar Árnasonar um leigu á húsnæði í húsinu nr. 48 við Snorrabraut, 18. nóvember 1971.
Greiðsla til sýslumannsins í Suður- Múlasýslu vegna skatts og móttökukvittun, 23. og 27. mars 1972.
Endurrit á sameignarsamningi Jóns Ólafs og Hannesar Þórólfssona vegna húseignarinnar nr. 38 við Nökkvavog, 12. maí 1955, endurrit 22. ágúst 1973.
Kaupsamningur. Sigríður Haraldsdóttir kaupir rishæð í húsinu nr. 38 við Nökkvavog, 28. ágúst 1973.
Afsal og greiðslukvittun. Sigríður Haraldsdóttir selur og afsalar sér kjallaraíbúð í húsinu nr. 48 við Snorrabraut til Eyjólfssonar og Sigurjóns Sigurðssonar, 31. ágúst 1973.
Kauptilboð. Bjarney S. Jóhannsdóttir kaupir íbúð í eign Sigríðar Haraldsdóttur nr. 48 við Snorrabraut, 12. september 1973.
Afsal og kvittanir. Sigríður Haraldsdóttir selur og afsalar sér íbúð í húsinu nr. 48 við Snorrabraut til Bjarneyjar S. Jóhannsdóttur, 9. og 27. október 1973.
Handritaður bókhaldsmiði vegna Nökkvavogar 38, án árs.
Handritaður miði vegna launa Sigríðar Haraldsdóttur, 1973.
Kvittun vegna Snorrabrautar 48, 6. desember 1973.
Reikningur vegna Nökkvavogs 38, 20. desember 1973
Kvittun. Sigríðar Haraldsdóttir greiðir fyrir hönd Engilberts Sigurðssonar vegna kaupa hans á eigninni nr. 2 við Bäsenda, 20. desember 1973.

Örk 2 Trúnaðarmál

Skattframtöl Haraldar Guðmundssonar og Sigríðar Haraldsdóttur o.fl., 1966-1972.

Örk 3

Haraldur Guðmundsson.

Leigusamningur borgarstjórans í Reykjavík og Haraldar Guðmundssonar um land til ræktunar við Hamrahlið, merkt nr. B. 15. á skipulagsupprætti að sumarbústaðahverfi við Hamrahlið, 4. apríl 1956.
Laun, tékkhefti, húsaleiga, Gjaldheimtan í Reykjavík, banki og sími, 1948-1967.
Bifreiðar & landbúnaðarvélar. Tryggingarbréf fyrir bifreiðinni R-8495, 20. apríl 1964.
Tryggingastofnun Ríkisins. Haraldur Guðmundsson tekur skuldabréf, 18. október 1965, uppgreitt 21. október 1973, afrit.
Uppgjör dánarbús Haraldar Guðmundssonar 15. janúar 1967.
Reikningar vegna útfarar Haraldar Guðmundssonar, í apríl og maí 1966.

Skráð í nóvember 2016
Gréta Björg Sörensdóttir